

# Íslenskur iðnaður

FRÉTTABRÉF

10. tbl. • Október 1998



## *Efnisyfirlit*

### *Leiðari:*

*Varðskip smíðað á Íslandi bls. 2*

•

*Afsláttur vegna hlutafjárkaupa mismunar  
atvinnugreinum bls. 8*

*Ósey hf. smíðar um þessar  
mundir fjóra 40–50 t  
stálbáta sem ætlaðir eru til  
dragnóta-, tog- og netaveiða.  
Smíðin hófst í mars á þessu  
ári og lýkur smíði fyrsta  
bátsins í desember og þess  
seinasta í febrúar  
á næsta ári.*



Ríkisstjórnin tók af skarið:

# Varðskip smíðað á Íslandi

Eins og alþjóð er kunnugt hefur ríkisstjórnin ákveðið að Íslendingar smíði sjálfir nýtt og glæsilegt varðskip. Þetta er mikið fagnaðarefni, ekki einasta fyrir skipaiðnaðinn sjálfan heldur iðnaðinn í heild og þjóðina alla. Það eitt út af fyrir sig hlýtur að vera metnaðarmál íslensku þjóðarinnar að flaggskip hennar sé smíðað hér á landi og sýna með því á táknaðan hátt að við stöndum þétt saman um varðveislu og verndun auðlinda okkar og sjálfstæðis. Við höfum bæði þá tækni- og verkþekkingu sem til þarf og þá samstöðu einstaklinga og fyrirtækja sem er forsenda þess að við ráðum við slíkt stórverkefni.

Skipaiðnaðarfyrirtæki innan Samtaka iðnaðarins hafa horft til þessa ögrandi verkefnis um nokkurt skeið. Þau hafa ráðið ráðum sínum hvernig þau ættu að standa að verki, annars vegar til að tryggja að skipið verði smíðað innanlands og hins vegar hvernig hagkvæmast yrði að standa að smíðinni sjálfri ef til kæmi.

## ÆKKI BARA HERVELDI SEM HAFU ÖRYGGISHAGSMUNI

Allt frá upphafi var ljóst að til álita gæti komið að bjóða þyrfti skipið út í samræmi við útboðsreglur ESB sem eru hluti EES-samningsins. Almenna reglan samkvæmt þeim er að opinber verkefni af þessari stærð skuli boðin út á EES-svæðinu. Samtök iðnaðarins bentu hins vegar strax á að í þessu tilviki gildi fráviksregla sem gerir ráð fyrir að ekki þurfi að bjóða verk út með þeim hætti ef þau snerta yfirlýsta öryggishagsmuni viðkomandi ríkis. Slíka yfirlýsingu geta engir aðrir gefið en stjórnvöld viðkomandi lands. Á þeim forsendum geta yfir-

völd hér ákveðið að halda smíði varðskips innanlands enda ekki í samræmi við öryggishagsmuni þess að önnur ríki viti öll deili á því skipi sem á að gæta fjöreggs þjóðarinnar. Undir þetta taka samtök skipaiðnaðarins í Danmörku sem segja í bréfi til Samtakanna (04.03.98) að ekki þurfi að bjóða smíði skipsins út til annarra en þeirra sem íslenska ríkisstjórnin sjálf kys. Þetta segja dönsku samtökin þrátt fyrir að umbjóðendur þeirra eigi hagsmuna að gæta af því að komast að verkinu.

Á þessi rök féllst ríkisstjórnin enda þótt ýmsir embættismenn teldu að þetta verkefni félli ekki undir undanþáguákvæðið m.a. með þeim rökum að hér væri ekki her og því ekki um neina hernaðarleynd að ræða. Gallinn á þeirri röksemdafærslu er sá að her eða herafli er ekki forsenda þess að land eigi öryggishagsmuni að verja. Grundvallahagsmunir að þessu leyti eru auðvitað sjálfstætt skilgreint fyrirbrigði sem þjóðir verja með eða án heraflla. Málið er pólitískt í eðli sínu og aðeins stjórnvöld geta kveðið upp úr um það hvað falli undir öryggishagsmuni og þurfi að fara leynt.

Það er ekki oft sem stjórnálagmönnum er hælt fyrir störf sín og afstöðu til viðkvæmra málefna sem snerta alþjóðasamninga en í þessu tilviki lét ríkisstjórnin íslenskan skipaiðnað njóta vafans ef hann er þá nokkur í raun. Fyrir það er ástæða til að hrósa henni.

## HLUTAFÉLAG STOFNAÐ

Nú liggur fyrir að fyrirtæki í greininni þurfa að huga að því hvernig best og hagkvæmast verður að standa að þessu ögrandi verkefni. Skipaiðnaðarfyrirtæki innan Samtakanna tóku þá ákvörðun á liðnum vetri að sameinast um verkið og var Slippstöðinni hf. og Stálsmiðjunni hf.

falið að kanna umfang þess og gera fyrstu framkvæmda- og fjárhagsáætlun. Þetta hefur nú þegar verið gert og leitt í ljós á fyrrgreindum forsendum að raunhæft er að smíða skipið innanlands.

Þegar málið færi að skýrast yrði stefnt að því að kalla saman öll þau fyrirtæki innan Samtaka iðnaðarins sem áhuga hefðu á smíði varðskipsins og stofna sérstakt hlutafélag um smíði þess. Nú hafa mál sannarlega skýrst mikið og því verður þess ekki langt að bíða að efnit verði til fundar þessara aðildarfyrirtækja Samtakanna og ákvarðanir teknar um framhaldið.

## ÖFLUGUR SKIPAIÐNAÐUR Á NÆSTU ÖLD

Íslenskur skipaiðnaður stendur nú frammi fyrir ögrandi og mikilfenglegu verkefni. Hann hefur áður sýnt að hann er mikils megnugur og sanna það fjölmörg skip, stór og smá sem smíðuð voru hér á landi áður en erlendar niðurgreiðslur eyðulögðu samkeppnisstöðu greinarnar án þess að nokkuð væri að gert. Nú hefur að einhverju leyti verið komið böndum á hömlulausar niðurgreiðslur samkeppnisþjóðanna og því meira en tímabært að hefja gagnsókn til eflingar íslensku skipaiðnaði.

Sú ákvörðun stjórnvalda að smíða varðskipið hér á landi er tækifæri sem fyrirtæki í skipaiðnaði munu nýta sér til að komast aftur í þá stöðu að geta boðið íslenskum útgerðum og öðrum viðskiptavinum skip sem standast samkeppni í verði og gæðum á næstu árum og áratugum.

Markmiðið er að skipaiðnaðurinn eflist og standi í fremstu röð á nýrri öld.

*Ingólfur Sverrisson*



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR  
10. TBL. Október 1998  
ISSN 1022-7741  
Fór í prentsmiðju: 19.10.1998  
Prentvinnsla: Prenttækni hf.  
Hönnun og myndskreytingar:  
Vala Óla.  
Litgreining: Prentmyndastofan hf.

Útgefandi: Samtök iðnaðarins  
Hallveigarstig 1, Pósthólf 1450,  
121 Reykjavík  
Sími: 511 5555, fax: 511 5566  
Kennitala 511093-2019  
www.si.is, e-mail:thora@si.is  
Forsíðumyndina tók Odd Stefán

Ábyrgðarmaður:  
Sveinn Hannesson  
Ritstjóri: Ingi Bogi Bogason  
Umbrot og setning: Þóra Ólafsdóttir  
Efnisstjórar: Ingi Bogi Bogason og  
Þóra Ólafsdóttir  
Prófarkalestur: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmíðlum er frjálst að nota efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta.  
Fjölmíðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilfellum.

# Festa í opinberum rekstri


## forsenda bættrar samkeppnisstöðu

Spá um lánsfjárförf hins opinbera á næsta ári gefur ekki tilefni til að ætla að Seðlabanki Íslands muni slaka á aðhaldi í peningastjórnun. Hrein lánsfjárförf eykst að öllum líkindum frá þessu ári um 0,6% af landsframleiðslu sem merkir að þegar allt er talið ýtir hið opinbera heldur undir þensluna. Þar eiga sveitarfélögin og ríkisfyrirtæki stærstan hlut. Munur á innlendum og erlendum vöxtum verður því áfram mikill líkt og að undanfögnu og krónan sterk en hvort tveggja stuðlar að veikari samkeppnisstöðu innlendra fyrirtækja gagnvart erlendum.

### LAUS TAUMUR RÍKIS OG SVEITARFÉLAGA

Ef frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1999 nær óbreytt fram að ganga og útgjöldin verða í samræmi við fjárlög mun ríkissjóður (A-hluti) greiða niður viðlíka mikið af skuldum á næsta ári og áætlað er að hann geri á þessu ári. Um er að ræða tæpa 30 milljarða samanlagt. Þetta er ánægjulegt en hitt er verra að handbært fé frá rekstri sjóðsins dregst saman milli ára um rúma 2,3 milljarða króna. Útgjöld ríkissjóðs eru því að vaxa umfram innheimtar tekjur. Þetta gerist í bullandi hagvexti og þrátt fyrir það að ríkisstjórnin fyrirhugi að draga fjárfestingu saman um rúman milljarð króna. Aukin sala eigna skýrir af hverju lánsfjárförf ríkissjóðs eykst ekki. Ríkisstjórnin mætti sýna samkeppnistöðu innlendra fyrirtækja meiri skilning í verki með því að hafa enn fastara taumhald á útgjöldunum og skila betri afkomu milli ára en frumvarp til fjárlaga 1999 gefur fyrirheit um.

Hið opinbera er stærra og meira en A-hluti ríkissjóðs. Í B- og C-hluta eru ríkisfyrirtæki og lánastofnanir á borð við Ríkisútvarpið og Bygðastofnun. Til viðbótar eru sveitarfélögin hluti hins opinbera. Þessir aðilar eru ekki að greiða niður skuldir heldur þvert á móti. Hrein lánsfjárförf þeirra er áætluð 17 milljarðar á næsta ári og gerir það meira en að jafna þá 15 milljarða sem A-hlutinn er að greiða niður af skuldum. Lántakan stafar einkum af mikilli þörf í húsnæðiskerfinu og framkvæmdum tengdum stóriðju.



Sveitarfélögin eru hins vegar rekin með halla sem vart er verjandi í núverandi árferði.

### SPARAÐ Í ÓVISSU

Óvissa í alþjóðlegum efnahagsmálum réttlætir ekki að slakað sé á í hagstjórn. Fremur ætti hún að vera hvatning til sparnaðar. Þjóðhagslegur sparnaður er allfótt lítill hér á landi og fer minnkandi samkvæmt áætlunum Þjóðhagsstofnunar. Á næsta ári er því spáð að sparnaðurinn nemi 15,2% af landsframleiðslu í samanburði við 15,7% í ár og 16,2% á síðasta ári.

Áætlað hefur verið að fjárfesting þurfi að nema um 20% af landsframleiðslu á ári til að standa undir 3% hagvexti. Til að koma í veg fyrir erlenda skuldaföfnun, sem á endanum drægi úr hagvexti, þarf sparnaður að nema svipaðri fjárhæð. Svo er ekki um þessar mundir eins og sést á uggvænlegum viðskiptahalla. Að öllum líkindum verður hann samanlagt 63 milljarðar króna á þessu og næsta ári. Óvissa í alþjóðlegum efnahagsmálum breytir því ekki að við þurfum aukinn sparnað.

Það eru gömul og ný sannindi að hyggilegt sé að leggja til hliðar í góðæri og spara til mögru árána. Gildir þá einu hvort mögru árin koma til vegna þess að það hægist um í heimsbúskapnum eða ekki. Þau koma en fyrirhyggjan færir okkur það sem við þurfum til að takast á við þau. Aukinn sparnaður er nauðsyn til varnar því að þenslan höggvi varanleg skörð í raðir útflutnings- og samkeppnisfyrirtækja. Með fyrirhyggju erum við því ekki einungis að greiða niður erlendar skuldir eða safna eignum heldur einnig og jafnvel enn frekar að stuðla að fjölbreyttara og öflugra atvinnulífi þjóðinni til hagsbóta.

Ingólfur Bender

**Sterk samtök iðnaðar**



Hollusta og heppni

# Í næsta Skólabakaríi

Um þessar mundir stendur yfir kynningarátak í bakaríum um land allt sem nefnist Skólabakarí. Bakarí og verslanir, sem taka þátt í átakinu, kynna almenningi holl brauð sem góðan kost í nesti handa nemendum í skólum landsins. Átakið er á vegum Landssambands bakarameistara og Samtaka iðnaðarins og stendur til 2. nóvember nk.

Samhliða kynningu á hollu skólanesti handa nemendum hafa bakarameistarar sameinast um útgáfu á 50 króna brauðpeningi sem gildir sem afsláttur af verði vöru sem bakaríin kynna af þessu tilefni. Heildarverðmæti útgefinna brauðpeninga er að andvirði um 60 milljónir króna og fást þeir í viðkomandi Skólabakaríum.

Brauðpeningar eiga sér langa sögu á Íslandi og en bakarar gáfu þá út frá því fyrir síðustu aldamót og allt til ársins 1930. Á þeim tíma tóku bakarar við mjölsekkjum og afhentu brauðpeninga á móti. Einn brauðpeningur gildi þá til kaupa á einu brauði og er svipuð regla viðhöfð að þessu sinni.

Á bakhlið brauðpeningsins eru skemmtilegir fróðleiksmolar um brauð og bakarastéttina auk þess sem viðskiptavinum er boðið að taka þátt í léttum verðlaunaleik. Að átaki loknu verður dregið úr öllum innkomnum brauðpeningum í beinni útsendingu á Bylgjunni og hljóta um fimmtíu heppnir nemendur veglega vinninga frá Skátabúðinni, Mjólkursamsölunni, Sól-Víking og bakarameisturum.

Nánari upplýsingar um átakið veita Ragnheiður Héðinsdóttir matvælafræðingur og Brynjar Ragn-



arsson markaðsstjóri hjá Samtökum iðnaðarins í síma 511-5555.

Einnig er hægt að senda þeim fyrirspurnir á tölvupóstfangið labak@si.is.



# Bólstrarar í sókn

Á síðustu árum hefur verið fremur hljótt um bólstrun. Eftir inngöngu í EFTA voru tollar á húsgögnum smám saman felldir niður og hefur íslenskur húsgagna iðnaður staðið berskjaldaður gagnvart innflutningi um 15 ára skeið. Innflutningur hefur verið hömlulaus og oft höfum við þurft að keppa við innflutning sem er ríkisstyrktur eða býr við allt önnur rekstrarskilyrði en hér þekkjast. Einnig hefur markaðurinn kallað á ódýr og einföld húsgögn sem ekki er ætlað að endast lengi. - Af þessum sökum hefur frægðarsól íslenskrar bólstrunar ekki risið hátt. Veruleg fækkun hefur orðið í stétt bólstrara og til skamms tíma var enginn nýliðun í stéttinni því að enginn vildi læra bólstrun. Sem dæmi má nefna að yngstu bólstrararnir, krakkarnir í stéttinni, voru í kringum fer-tugt. En nú er þetta að breytast.

Meistarafélag bólstrara hefur blásið til sóknar og beitt sér fyrir lifandi sýningum þar sem fagið er kynnt og útskýrt af hverju enn þá er hægt að klæða gamla sófasettið frá afa og ömmu en ekki 10 til 15 ára gamalt sófasett. Fólki hefur verið kynnt handverkið og því leyft því að skoða hvað er undir áklæðinu og hvað þarf að vera þar til að sófinn eða stóllinn geti nýst einni, tveim eða fleiri kynslóðum. Vönduðu húsgögnin eiga nefnilega mörg líf og sum eru eilíf. Þessi kynning og aukinn áhugi á sigildum húsgögnum hefur leitt til mikillar viðreisnar í bólstrun. Nú er t.d. biðröð af ungu fólki sem vill læra bólstrun og það sem gleðilegra er, nóg virðist vera fyrir það að gera í framtíðinni.

Helgina 12. og 13. september var haldin afmælisýning Meistarafélags bólstrara í tilefni 70 afmælis félagsins. Fyrir sýninguna var haldið afmælishóf fyrir félagsmenn og maka þeirra í Perlunni. Í hófinu var Ragnar Björnsson húsgagnabólstrara-meistari gerður

ad heiðurfélaga félagsins. Sýningin var hin fjölbreyttasta og tóku á annan tug fyrirtækja þátt í henni og sýndu úrval húsgagna, vörur til bólstrunar og viðhalds húsgagna. Jafnframt gátu gestir kynnt sér af eigin raun vinnubrögð fagmanna sem voru við vinnu á sýningunni. Almenn ánægja var með sýninguna jafnt meðal sýnenda og gesta. Alls komu 7.000 gestir á sýninguna og kynntu sér það nýjasta í húsgagnabólstrun. Eftir sýninguna hafa viðskiptin tekið mikinn fjörkipp og má geta þess að sumir sýnenda seldu alla sýningargripina.

Almennur áhugi hefur aukist verulega á bólsturiðinni. Áhugi á gömlum sigildum húsgögnum er vaxandi og hafa bólstrarar merkt töliverðan vöxt í endurbólstrun gamalla húsgagna. Meðal ungs fólks virðist vera aukinn áhugi á bólstrun því að tölverð eftirspurn er eftir að komast á samning og læra bólstrun.

Árni Jóhannsson



# Úttekt á matvælaölggjöf

Löggjöf sem snýr að matvælum og eftirliti með þeim hefur þanist mjög út á undanförunum árum. Löggjöf sem fjallar um matvæli heyrir undir mörg ráðuneyti og ekki er alltaf samræmi milli þeirra reglna sem gilda í mismunandi greinum. Fjöldi laga og reglugerða gerir það að verkum að erfitt er að hafa heildaryfirsýn yfir sviðið.

Mikil umræða hefur verið um það að undanförunu að sporna við frekari útbenslu löggjafar á þessu sviði og reyna heldur að einfalda og samræma þá löggjöf sem þegar er í gildi. Til að stíga fyrsta skrefið í átt til einföldunar létu Samtök iðnaðarins gera úttekt á íslenskrum matvælaölggjöf á liðnu sumri. Til verkefnisins voru ráðnir tveir nemendur við Háskóla Íslands með styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Verkefnið fólst í því að taka saman, flokka og skrá öll lög og reglugerðir sem í gildi eru á Íslandi og fjalla um matvæli. Lög og reglugerðir og einstakar greinar þeirra voru flokkaðar eftir efni merkt með ákveðnum efnisorðum eða „stikkorðum“ og skráð með þeim hætti að hægt væri að finna fyrirhafnarlítið í hvaða greinum fjallað væri um viðkomandi efni. Markmið með verkefninu var að skoða hvort ákvæði um sömu hluti kæmu fyrir á fleiri en einum stað og ef svo væri hvort ákvæði stönguðust hugsanlega á.

Verkefninu lauk í byrjun september og eru helstu niðurstöður eftirfarandi:

- 1) Lög og reglugerðir eru mjög margar og erfitt að hafa heildaryfirsýn yfir sviðið. Þrátt fyrir mikinn fjölda reglugerða var ekki mikið um endurteknningar eða að ákvæði stönguðust á mismunandi stöðum.
- 2) Fjöldi reglugerða á matvælasviðinu er settur með stöð í lögum sem fallin eru úr gildi. Tilgangurinn með setningu nýrra laga er oftast sá að gera breytingar eða setja fram nýmæli á tilteknu sviði. Yfirleitt er gert ráð fyrir að settar verði nýjar reglugerðir á grund-

velli nýrra laga en þær eldri haldi áfram gildi sínu til bráðabirgða. Ef gömlu reglugerðirnar halda gildi sínu áfram er hæpið að tilsettar breytingar nái fram að ganga eins og gert var ráð fyrir í lögnum.

- 3) Margar reglugerðir eru mikið breyttar frá upprunalegri mynd, þ.e. ítrekað hafa verið gerðar á þeim breytingar án þess að þær séu endurútfærnar. Þetta veldur því að viðkomandi reglugerðir verða mun óaðgengilegri og torræðari en ella.

Þessar niðurstöður leiða hugann að því hvort ekki megi með einhverjum hætti einfalda laga- og reglugerðafrumskóginn

og gera aðgengilegri fyrir notendur. Í því sambandi má benda á að Danir hafa nýlega endurskoðað alla sína matvælaölggjöf. Sett hafa verið ný matvælaölggjöf sem taka til allra þátta matvælaframleiðslu og dreifingar, inn- og útflytning, næringu og annað sem varðar matvæli. Í kjölfar lagasetningarinnar verður allt matvælaeftirlit í Danmörku sameinað undir eina stofnun sem hefur eftirlit með öllum þáttum matvælaframleiðslu frá frumframleiðslu hráefna til dreifingar á fullunninni vöru. Sama stofnun hefur einnig eftirlit með öllum matvælaflutningi til landsins. Forsenda þess að hægt er að sameina öll lög á þessu sviði er sú að öll málefni, sem varða framleiðslu matvæla og eftirlit með henni, hafa verið flutt undir eitt ráðuneyti, matvæla- landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti. Þetta er hugsanlega fordæmi sem við Íslendingar gætum lært af.

Ragnheiður Héðinsdóttir

## Upplýsingatæknifyrirtæki gera athugasemdir við gagnagrunnsfrumvarpið

**Starfsgreinahópur í upplýsingatækni innan Samtaka iðnaðarins og Samtök íslenskra hugbúnaðarframleiðenda (SÍH) telur að mikilvægt sé að sátt verði um smíði og rekstur gagnagrunns með heilsufarsupplýsingum og að móta þurfi skýrar reglur um samskipti þess eða þeirra sem það verkannast og þeirra upplýsingatæknifyrirtækja sem nú þegar þróa upplýsingakerfi fyrir heilbrigðisgeirann eða hyggjast gera það.**

Eftirfarandi ályktun frá hópnunum hefur verið kynnt ráðherra heilbrigðismála og heilbrigðisnefnd Alþingis:

SÍH og starfsgreinahópur í upplýsingatækni innan Samtaka iðnaðarins leggst ekki gegn því að komið verði á fót miðlægum gagnagrunni um heilsufarsupplýsingar ef unnt verður að tryggja að uppbygging upplýsingakerfa heilbrigðisstofnana honum samfara verði nýtt til

uppbyggingar upplýsingatækniiðnaðar á sviði heilbrigðisatækni. Slíkt væri í fullu samræmi við þá stefnumótun sem lögð var fram á sl. ári í upplýsingamálum innan heilbrigðiskerfisins.

Það er skoðun hópsins að nokkur atriði frumvarpsins gefi tilefni til að ætla að rekstraleyfishafa verði úthlutað einkaleyfi á allri gerð og þróun upplýsingakerfa fyrir heilbrigðisstofnanir. Ef sú er raunin mun það skerða samkeppnisstöðu og hefta möguleika íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja á þróun upplýsingakerfa fyrir heilbrigðiskerfið með ógnvænlegum afleiðingum fyrir uppbyggingu greinarnar. Hópurinn bendir á að greinin hefur lengi verið útilokuð frá þróun lausna fyrir fjármálaheiminn og óásættanlegt er ef einnig á að útiloka greinina frá þeim mikilvæga markaði sem heilbrigðiskerfið er.

Guðmundur Ásmundsson



## 2000 vandinn

Samtök iðnaðarins hafa fengið til endursölu fyrir félagsmenn sína leiðbeiningarrit frá Dansk Industri fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki um það hvernig þau eiga að taka á 2000 vandanum í rekstri sínum. Þeir sem hafa áhuga á að nálgast þetta rit geta haft samband við skrifstofu SI og fengið það sent. Ritið er 118 síður og kostar kr. 1500.



Lifandi fréttavefur

www.si.is



## Hópfærð á prentsýninguna IPEX í Birmingham

Dagana 23.-27. september sl. gengust Samtök iðnaðarins fyrir hópfærð á prentsýninguna IPEX í Birmingham. IPEX er önnur stærsta fagsýningin fyrir prentiðnaðinn og er hún haldin á fimm ára fresti. Alls munu rúmlega 91 þúsund gestir hafa sótt sýninguna nú og þar af var um þriðjungur gesta frá löndum utan Bretlands. Þátttakendur í færð

Samtakanna voru um 40 talsins frá öllum helstu prentsmiðjum landsins og má sjá meirihluta hópsins á myndinni hér að ofan.

## Matur og menning í Eyjafirði

Í byrjun september var haldið málþing í Oddfellowhúsinu á Akureyri undir yfirskriftinni „Matur og menning í Eyjafirði“. Að málþinginu stóðu Sumarháskólinn á Akureyri og Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri og var það hluti af „Hausteldum,“ matarhátíð í Eyjafirði. Á málþinginu voru haldin mörg athyglisverð erindi, m.a. um tengsl matvælabrautar Háskólans á Akureyri við matvælaíðnaðinn í Eyjafirði, matarmenningu Íslendinga og þróun matvælaíðnaðarins í takt við þarfir samfélagsins, þróun neylusamfélagsins vestan hafs, hvernig nota má Internetið til fræðslu og markaðssetningar á matvællum og framtíðarsýn eyfyrskrar matvælaframleiðslu. Ráðstefnustjóri var Þröstur Óskarsson hjá Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri.



Út er komin bókin „Verkefnastjórnun – stjórnun tíma, kostnaðar og gæða.“ Bókin er samin fyrir alla þá sem koma að verkefnastjórnun í fyrirtækjum og er hugsuð þannig að leikmenn eigi auðvelt með að tileinka sér efni hennar. Forritið Microsoft Project var haft til hliðsjónar við ritun bókarinnar. Höfundur er Eðvald Möller, rekstrarverkfræðingur.



# Sérstakur afsláttur vegna hlutafjárkaupa í útgerð mismunar atvinnugreinum

Samtök iðnaðarins mótmæla hugmyndum um að ríkið bjóði sérstakan afslátt vegna hlutafjárkaupa í útgerð-arfyrirtækjum. Í þeim felst óviðunandi mismunun atvinnugreina sem stuðlar að annarri dreifingu fjármagns og vinnuafls milli greina en yrði á frjálsum markaði og drægi úr hagvexti og hagsæld til langframa. Hugmyndirnar stangast einnig á við almennar jafnræðisreglur laga og að öllum líkindum einnig ákvæði EFTA og EES samninganna.

Samtök iðnaðarins telja að í þessari hugmynd felist mismunun atvinnugreina í formi ríkisstyrks til útgerðarinnar til viðbótar því sem þegar er gert og má þar nefna sjómannaafsláttinn. Minna má á að ESA fór fram á jöfnun tryggingargjalds á þeirri forsendu að þar væri um að ræða

ríkisstyrk til ákveðinna atvinnugreina. Hugmyndin er á skjön við þá stefnu sem fylgt hefur verið á undanförunum árum og miðar að því að draga úr slíkri mismunun og virkja markaðslögmálin til hagsbóta fyrir þjóðina. Samtökin telja sýnt að sérstakur skattaafsláttur stuðli að annarri dreifingu fjármagns og vinnuafls milli atvinnugreina en þeirri sem frjálss markaður myndi skila og færði þjóðinni sem mestan hagvöxt og hagsæld til langframa. Einnig telja þau sýnt að afslátturinn stangist á við almennar jafnræðisreglur laga og að því er virðist bæði ákvæði EFTA og EES samninganna.

Í þessu sambandi vilja Samtök iðnaðarins leggja áherslu á þá skoðun sína að það verði að auka sparnað hér á landi til að undirbygga hagvöxt til langframa. Þau hafa hvatt stjórnvöld til að auka sinn eigin sparnað en ekki síður til að örva sparn-

að einkaaðila.

Stjórnvöld geta ekki nema að takmörkuðu leyti stjórnað sparnaði einkaaðila. Þau geta þó haft áhrif á hann með margvíslegum hætti, ekki síst með hvötum tengdum skattheimtu. Hér má nefna skattaafslátt vegna hlutabréfakaupa, lífeyrisparnaðar og öflunar og viðhalds húsnæðis. Að mati Samtaka iðnaðarins væri heppilegast að búa þessa hvata þannig úr garði að fólk eigi um nokkra kosti að velja eða geti jafnvel blandað þeim öllum saman, allt eftir þörfum hvers og eins, að tiltekinni fjárhæð árlega.



## Gæðakerfi í lagnagreinum: Tímamótasamþykkt

Síðustu misseri hafa Samtök iðnaðarins staðið fyrir uppsetningu gæðastjórnunarkerfis fyrir blikksmiðjur og pípuþingameistara.

Kerfi þetta er byggt á sams konar gæðakerfi í Noregi en staðfært miðað við íslenskar aðstæður. Markmiðið með þessari vinnu allri er að ná betri tókum á eintökum rekstrarþáttum í smiðjum og hjá meisturum og auka með því hagkvæmni. Í annan stað er verið að mæta auknum kröfum viðskiptavina sem gera sífellt meira tilkall til þess að fyrirtæki, sem fyrir þá vinna, standist tiltekið lágmark í gæðamálum. Þá má nefna þann augljósa ávinning að útboðsmarkaðurinn yrði mun þróaðri og vinnubrögð og samskipti aðila betri en nú er.


Á dögum efnu samtök meistara og sveina í blikksmiðagreininni til sameiginlegs fundar þar sem fjallað var um reynsluna af gæðakerfinu í þeim blikksmiðjum sem tekið hafa það upp. Í lok fundarins var eftirfarandi ályktun samþykkt einróma:

„Sameiginlegur félagssundur Félags blikksmiðjueigenda og Bíliðnfélagsins/Félags blikksmiða haldinn 13. október 1998 telur upptöku samræmds gæðakerfis í blikksmiðjum mikilvægan áfanga á þróunarbraut blikksmiða.

Fundurinn hvetur opinbera aðila, sem bjóða út verk á sviði blikksmiði til að gera kröfu um að aðeins blikksmiðjur, sem hafa gæðakerfi, fái að bjóða í útboðsverk á þeirra vegum. Með því móti telur fundurinn að bæði blikksmiðjur og þeir, sem bera ábyrgð á opinberum framkvæmdum, nái betur markmiðum sínum. Hið opinbera fær tryggja þjónustu frá vel stýrðum fyrirtækjum með góða fagmenn og blikksmiðjurnar geta byggt sig upp á grundvelli skipulagðra vinnubragða.”

Samþykkt þessi sætir nokkrum tíðindum því að ekki er vitað til þess að heil iðngrein hafi áður óskað eftir því að þeir, sem bjóða út verk á vegum opinberra aðila, geri til þeirra kröfur af þessu tagi. Þetta er þó gert að vel yfirveguðu ráði og m.a. höfð í huga góð reynsla frá nágrannalöndunum þar sem slíkar gæða-

kröfur eru nú taldar sjálf-sagðar og öllum til hagsbóta. Munurinn er einasta sá að þar gerðu sveitarfélög og ríkisstofnanir þessar kröfur og smiðjurnar urðu að uppfylla þær ef þær ætluðu að taka þátt í útboðum og taka að sér verk - stór og smá. Því var spurningin aðeins sú hvenær en ekki hvort þessi vinnubrögð yrðu innleidd hér á landi. Með því starfi, sem þegar hefur verið unnið í blikksmiðjum við uppsetningu gæðakerfis og með ofangreindri fundarsamþykkt, er blikksmiðagreinin því að lýsa sig alþúna til að uppfylla gæðakröfur öllum til mikils ávinnings.



Ingólfur Sverrisson